

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



Dags eftirlits	5.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Eyþórsson	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit vegna sigvatns sem fer út á yfirfalli og ein ábending var gerð vegna stórs vinnufatar á urðunarrein fjögur.

UMFANG EFTIRLITS

Magn urðaðs úrgangs hefur aukist sem um nemur á milli áranna 2016 og 2017 eða um 11%. Árið 2017 voru urðuð 14.169 tonn en starfsleyfi urðunar staðarins nemur 15.000 tonnum. Á fyrsta fjórðungi þessa ár var aukning á urðuðum úrgangi miðað við sama tímabil fyrra árs. Eftirlitsaðili benti á það í eftirliti að líkur á því að urðunarstaðurinn fari fram úr mörkum starfsleyfis á magni urðaðs úrgangs á þessu ári séu umtalsverðar. Rekstraraðila var bent á að aðhafast í málinu sem fyrst og senda erindi til Umhverfisstofnun vegna þessa.

Engum úrgangi var hafnað til urðunar árið 2017 en starfsmenn finna stundum úrgang í förum s. s. járn og dekk sem þeir týna frá, það efni fer í sérstaka gáma sem eru síðan fluttir á viðeigandi úrgangsstaði þegar þeir eru orðnir fullir. Eitt umhverfisóhapp varð í Fíflholtum þann 19. nóvember sl. þegar eldur kviknaði í urðunarrein fjögur. Óverulegt magn úrgangs brann og var Umhverfisstofnun tilkynnt um óhappið.

Umhverfismarkmið rekstraraðila voru skoðuð og bent var á að æskilegt sé að slíkt markmið séu mælanleg. Slíkt gerir þau markvissari og líklegra að slíkt skili árangri. Bæklingur frá Umhverfisstofnun um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Nýr starfsmaður var ráðinn inn um síðustu áramót en sá starfsmaður er hættur og annar kominn í staðinn sem hóf störf 1. maí sl. Þjálfun starfsmannsins er höndum eldri starfsmanns og framkvæmdastjóra. Engar verklagsreglur eru fyrir hendi við þjálfun starfsmannsins en minnt var á í eftirliti að mikilvægt væri að starfsmaðurinn fengi fræðslu og hefði greiðan aðgang að gögnum s.s. starfsleyfi og viðbragðsáætlun.

Setubeðið við urðunarrein fjögur sem var lagfært á seinasta ári hefur ekki verið lokað meðal annars vegna þess að erfitt er að koma tækjum að því þar sem jarðvegur er mjög blautur. Í vetur snjóaði umtalsvert á svæðinu og mikið hefur rignt á síðustu misserum. Því hefur mikið runnið í gegnum hreinsikerfið og þótti ástæða til að þrengja rör sem leiðir sigvatnið inn í setubeðið. Vonast er til að flæðið hafi ekki skemmt út frá sér og rýrt virkni beðsins. Töluvert magn af vatni hefur að undanförunu runnið um yfirfall á kerfinu og beint út í skurð en samkvæmt gr. 3.3 í starfsleyfi skal leiða allt sigvatn í gegnum hreinsivirki áður en það er leitt í útrásarskurð og skal það hreinsað með fullnægjandi hætti áður en það fer í skurðinn.

Unnið er að því að setja meiri jarðvegsþekju ofan á urðunarrein fjögur á milli holanna sem voru boraðar fyrir hauggassöfnun. Þar sem jarðvegurinn kemur verða lögð rör á milli holanna sem síðan tengjast kyndlinum sem mun brenna metangasið. Kyndillinn er kominn á svæðið og verið er að huga að uppsetningu hans. Vonast er til að framkvæmdum við lagningu röranna verði lokið fyrir næsta vetur. Jarðvegsþekjan sem verið er að setja ofan á hauginn er jafnframt liður í

Því að þetta yfirborðið svo að minna gas tapist úr haugnum.

Sigmælingar fór fram í byrjun þessa ár og verða aftur framkvæmdar á næsta ári. Þá stendur til að taka fleiri punkta en gert var í ár.

Töluvert fok er á urðunarstaðnum og hefur sérstaklega verið í vetur vegna vindasamrar veðráttu og breyttrar vindáttar. Gróður og girðingar á urðunarstaðnum taka umtalsvert magan af því sem fýkur af stað. Mikil vinna er við að týna það upp af svæðinu og hafa starfsmenn unnið að því að undanfögnu, þegar á eftirliti stóð var einn starfsmaður að týna. Ungmennafélagið á svæðinu mun einnig koma til með að koma á staðinn og týna rusl á svæðinu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Skv. gr. 3.3 í starfsleyfi skal leiða sigvatn í gegnum hreinsivirki og það hreinsað með fullnægjandi hætti áður en það er leitt út í útrásarskurð. Sigvatn sem fer út um yfirfall er ekki í leitt í gegnum setubeð einungis í gegnum olíuskilju. Því telst vatn sem fer út um yfirfall ekki vera hreinsað með fullnægjandi hætti.

ATHUGASEMDIR

Í eftirliti þótti eftirlitsaðila urðunarrein fjögur frekar mikið opin og því er bent á að vert sé að skoða verklag því tengdu. Kveðið er á um í gr. 4.3 að stærð vinnufatar skuli haldið í lágmarki hverju sinni og byrgja skuli úrgang sem lagður hefur verið í urðunarrein samdægurs.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018


Steinunn Karlsdóttir